



Hreppsnefnd 9. nóvember 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 9. nóv. 2000 kl. 16 00 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar. Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 5. okt. sl. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. mál. Fundargerð skólanefndar frá 26. okt. sl. Fundargerðin rædd og nokkur umræða var um leigu á tölvum skólans til kennslu á námskeiðum. Einnig var bent á að settur væri upp listi um gjafir til skólans. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.
3. mál. Fundargerð hafnarnefndar frá 11. og 31. okt. sl. Fundargerðirnar ræddar og nokkur umræða varð um 1. mál fundargerðar frá 31. okt. sl., hvort ekki ætti að koma löndunarlögnum í jörð frekar en leggja löndunarkerfið í lofti. Spurt var um verklok framkvæmda sem eiga að vera 11. nóv. Fyrirsjáanlegt er að það stenst ekki. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
4. mál. Fundargerð leiguíbúða aldraðra frá 24. okt. sl. Lögð fram til kynningar.
5. mál. Félgasmálanefnd, forvarnarstefna. Félgasmálanefnd lagði fram hugmyndir að stefnu í forvarnarmálum. Mikið var rætt um æskulýðs- og forvarnarmál á Vopnafirði. Samþykkt var að taka húsnæðið í Austurborg þar sem áður var skóli undir félagsmiðstöð.
6. mál. Menningarmálanefnd, tilnefning tveggja fulltrúa og eins til vara. Jafnframt tilnefning fulltrúa í skólanefnd og eins til vara. Í menningarmálanefnd var tilnefndur Bárður Jónasson, og Gunnar Guðmundsson og til vara Árni Róbertsson. Í skólanefnd var tilnefndur Haraldur Jónsson og til vara Sigríður Edda Guðmundsdóttir.
7. mál. Ólafs Davíðssonar tún, ósk um endurnýjun lóðarleigusamnings. Steindór Sveinsson vék fund. Bréf frá lögmanni leigutaka lóðarinnar þar sem hann fer fram á fyrir umbjóðendur sína að leigusamningur sá sem rann út 1997 verði endurnýjaður í heild sinni. Samþykkt að fela sveitarstjóra að ath. lagalega forsendur fyrir samningnum. Steindór Sveinsson kom aftur inn á fund.
8. mál. Samkór Vopnafjarðar, ósk um styrk, vegna söngferðalags. Samþykkt að veita kórnum umbeðinn styrk kr. 30 þús.
9. mál. Sigurður Ragnarsson, bókaþjóf. Samþykkt að veita bókaþjöfinni viðtökur og að bókunum verði komið fyrir í samráði við bókasafnsfræðing bókasafns hreppsins. Einnig samþykkt að fela sveitarstjóra að senda Sigurði þakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf í minningu móður sinnar Stefaníu Sigurðardóttur.
10. mál. Brunavarnir, samstarf við Þórshöfn. Bréf frá sveitarstjórn Þórshafnarhrepps varðandi samstarf í brunavörnum milli Þórshafnar- og Vopnafjarðarhrepps. Samþykkt að fela slökkviliðsstjóra og sveitarstjóra að vinna áfram að samningi við Þórshafnarhrepp um brunavarnir á grundvelli framlagðra samningsdraga.
11. mál. Kaupsamningur á eignarhlut jarðarinnar Teigs, ósk um höfnun forkaupsréttar. Samþykkt að hafna forkaupsrétti.

12. mál. Skipulagsstofnun, bréf dags. 9.okt. sl., varðandi gerð skipulags. Sveitarstjóra falið að sækja um styrk til gerðar aðalskipulags. Erindinu vísað að öðru leyti til byggingar og skipulagsnefndar.

13. mál. Hagstofa Íslands, búferlaflutningar jan. - sept. 2000. Lagt fram til kynningar.

14. mál. Félagsmálaráðuneytið, tekjujöfnunarframlög. útreikningur félagsmálaráðuneytis, þar sem fram kemur að meðaltekjur sveitarfélagsins á mann eru hærri en meðaltekjur viðmiðunarhóps. Á grundvelli þess er ekkert tekjujöfnunarframlag greitt til Vopnafjarðarhrepps í ár.

15. mál. Samband ísl. sveitarfélaga, helstu niðurstöður og tillögur tekjustofnanefndar. Lagt fram til kynningar.

16. mál. ÚÍA bréf dags. 10. okt. sl., varðandi styrkbeiðni. Samþykkt að vísa erindinu til fjárhagsáætlunar.

17. mál. Orkustofnun, bréf dags. 23 okt. sl., þar sem tilkynnt er um styrk árið 2000. Málinu vísað til fjárhagsáætlunar. Jafnframt samþykkt að kanna fjármögnunarmöguleika á jarðhitarannsóknnum hjá Orkusjóði.

18. mál. Fundur með þingmönnum kjördæmisins 3. nóv. sl. Oddviti gerði grein fyrir fundi forsvarsmanna sveitarfélagsins við þingmenn kjördæmisins. Þar seem óskað eftir snjómokstir alla daga vikunar yfir Möðrudals og Mývatnsöræfi og Vopnafjarðarheiði. Óskað eftir fjárveitingum til hafnargerðar og sjóvarna og til áframhaldandi endurbyggingar Kaupvangs. Ennfremur að óskað hefði verið eftir því við þingmennina að þeir beittu sér fyrir því að flugsamgöngur til og frá Vopnafirði yrðu ekki lakari enn verið hefur á umliðnum árum. Jafnframt hefði verið fjallað um vegamál og mikilvægi þess að vegtengingar yrðu gerða með nútímalegu sniði frá Vopnafirði.

19. mál. Ingvar B. Eðvarðsson, bréf dags. 29. okt. sl., varðandi snjómokstur o.fl. Í bréfinu óskar Ingvar eftir að fá upplýsingar um stefnu Vopnafjarðarhrepps í snjómokstri og fleiri verkefnum fyrir þungavinnuvélar
Nokkur umræða var um fyrirkomulag á snjómokstri í þorpinu.
Oddviti og sveitarstjóra falið að svara bréfinu í anda þeirra umræðu sem var á fundinum.

20. mál. Umsókn KVV um léttvinsleyfi í ESSO skálanum,dags.28.okt.sl.
Beiðni frá Kaupfélagi Vopnfirðinga um leyfi til sölu léttvins í tengslum við veitingasölu félagsins í söluskála ESSO á Vopnafirði.
Samþykkt að vísa málinu til umsagnar félagsmálanefndar.

21. mál. Ýmsar fundargerði.

- a) Fundur stýrihóps um vinnu til móttunar á nýju sveitarfélagi 23. okt. sl.
Fundargerð stýrihópsins rædd. Oddviti brýndi fyrir fundarmönnum að kynna sér fundargerðina. Jafnframt lögð fram gögn frá Þróunarstofu Austurlands m.a. kostnaðaráætlun yfir vinnu stýrihópsins, en áætlað er að sækja fjárframlög til ríkisvaldsins vegna vinnunnar.
- b) Heilbrigðiseftirlit, fundargerð frá 10. okt. sl.

Fleira ekki tekið fyrir og þakkaði oddviti mönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundi.